



# Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



21. árgangur, 5. tölublað

Desember 2006

Ábm.: Erla Guðjónsdóttir

## Mikilvægt að muna:

- Öll veikindi skulu tilkynnt á skrifstofu skólans fyrir klukkan 9 á morgnana. Leyfi í fyrstu kennslustund er ekki veitt eftir að hún er hafin. Sjá nánar á vefsíðu skólans um leyfisbeiðnir.
- Vefsíða skólans er: [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: [www.aldan.is](http://www.aldan.is)
- Sími skólans er 555 1546 og er skrifstofa skólans opin kl. 7:30-16 virka daga nema föstudaga en þá er opið til klukkan 15.

Öldutúnsskóli  
220 Hafnarfjörður

Sími: 555 1546  
Fax: 555 1517

Netfang: [oldutunsskoli@oldutunsskoli.is](mailto:oldutunsskoli@oldutunsskoli.is)

Veffang:

[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)

## Skólastjórar:

Erla Guðjónsdóttir,  
skólastjóri.  
María Pálmadóttir og  
Guðmundur Ingi  
Jónsson aðstoðar-  
skólastjórar

**Kennsla hefst að  
nýju samkvæmt  
stundaskrá þann 3.  
janúar eftir jólaeyfi.**



Það var ánægjuleg stund sem fimmtu bekkingar áttu með kennurum sínum úti í miðgarðinum að steypa kerti til jólanna.



## Jólahald í skólanum

Jólaskemmtanir í skólanum eru með hefðbundnu sniði í ár.

Hver bekkur stendur fyrir dagskrá á sal þann 20. desember og síðan er gengið í kringum jólatréð undir styrki leiðsögn félaga í Kór Öldutúnsskóla. Eftir það eru stofujól.

Unglingadeildin heldur sína skemmtun að kvöldi 19. des. og er þar með komin í jólafrí.

Sjöundi bekkur skiptir dagskrá sinni á tvo daga. Þann 19. desember er jólaskemmtun síðdegis og 20. desember eru stofujólin hjá þeim.

*Skólastjórar og annað starfsfolk Öldutúnsskóla óskar nemendum sínum og forráðamönnum þeirra gleðilegra jóla með kærri þakklæti fyrir samstarfið á*

*árinu sem er að líða.*

*Kittumot heil á nýju ári*

## Árleg rannsókn á neyslu vímuefna meðal unglinga

Foreldrar barna í 8. til 10. bekk voru boðaðir til fundar miðvikudaginn 22. nóvember síðastliðinn þar sem m.a. voru kynntar niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar sem unnin var í skólum bæjarins í mars 2006, um vímuefnaneyslu unglinga. Svona könnun hefur verið gerð árlega um árabil og höfum við góðan samanburð á milli ára. Það er áhugavert að fylgjast með þróuninni sem hefur verið í rétta átt. Það er þakkað samstöðu meðal foreldra ásamt samstarfi þeirra, skólanna, lögreglufyrivalda og félagsþjónustunnar.

Helstu niðurstöður um nemendur í Öldutúnsskóla:

Færri unglingar í núverandi 9. og 10. bekk reykja nú en í þeim árgöngum sem farnir eru úr skólanum. Varðandi neyslu áfengis þá sögðust 13% þeirra sem eru nú í 10. hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar 30 dögum á undan þeim degi sem rannsóknin var gerð og 5% þeirra sem voru í 8. bekk sl. skólaár – nú í 9. bekk.

Það sem kom verulega á óvart í niðurstöðunum var að aðeins 30% stúlkna og 39% drengja segja að foreldrar fylgjist með því með hverjum þau eru á kvöldin. Það segir að 70 til 80% foreldra fylgjast ekki með því hvar börnin þeirra eru á kvöldin. Svipað hlutfall þeirra segja að foreldrar setji þeim ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis. Ennfremur eru margir sem segjast vera oft úti eftir að löglegum útivistartíma lýkur. Tökum þessar niðurstöður alvarlega og stöndum saman um að veita börnum okkar eðlilegt aðhald og eftirlit – það er umhyggja fyrir velferð þeirra.

## Breytingar á dagatali Öldutúnsskóla fyrir yfirstandandi skólaár

Vakin er athygli á að við hefjum kennslu samkvæmt stundaskrá þann 3. janúar eftir jólaleyfi.

Fræðsluráð samþykkti á fundi sínum þann 4. desember síðastliðinn smávægilegar breytingar á dagatali skólans samkvæmt beiðni þar um frá starfsfólki og stjórnendum. Ástæða þeirrar beiðni er að fyrirhuguð er námsferð starfsfólksins til Skotlands í vor.

Þessa breytingar sem bornar höfðu verði undir foreldraráð skólans, felast í því að tveir dagar eru færðir til, þannig að skólaslit verða 4. júní í stað 6. júní.

Þeir vinnudagar sem koma í stað þessar tveggja júnídaga eru 3. janúar og 10. apríl.

Nýtt dagatal er komið á vefsíðu skólans [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)



## 7. bekkingar í skólabúðum að Reykjum í síðasta mánuði

Nemendur í 7. bekk fara árlega í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði í eina viku. Er venjan að fara seinni hluta nóvembermánaðar og það var gert einnig nú. Markmiðið með dvölinni er að efla félagsþroska, samstöðu og samvinnu nemenda. Verkefni sem krakkarnir fást við, miða að því að gefa þeim kost á að þroska þessa þætti. Krakkarnir fá tækifæri til nánari samskipta en þau eru vön og takast á við ný verkefni. Allt þetta hefur mjög jákvæð áhrif á félagsandann í bekkjunum.

## Selið opið í jólaleyfinu

Heilsdagsskólinn verður opin fyrir nemendur í 1. til 4. bekk frá klukkan 8 til 16 virka daga í jólaleyfinu. Þeir sem hyggjast nýta þjónustuna, þurfa að skrá börn sín á sérstakt eyðublað sem sent hefur verið heim og skila því til ritara fyrir föstudaginn 15. desember.

## Dagskrá í Öldunni á næstunni

19. des.: kl. 16 til 18.30 jólaball 7. b. Kl. 18.30 til 22 jólaball 8. til 10. b.

21. des.: 16:30 til 19 dagstarf. Kl. 19:00 til 22 jólabingó.

22. des.: 16.30 til 19 dagstarf. Kl. 19 til 22 jólastuð.

28. des.: 16:30 til 19 dagstarf. Kl. 19 til 22

áramótahattagerð.

29. des.: 16:30 til 19 dagstarf, lanmót. Kl. 19 til 22 lanmót-stelpudúndur.

**Starfsfólk Öldunnar óskar ungmennum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.**